

Þingskjal nr. 53

Ályktun

Flytjandi Ferða- og samgöngunefnd þingsins

Tillaga:

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 04. og 05. nóvember 2022 samþykkir og beinir því til stjórnar LH að gera gangskör í því að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjórnnum um land allt leiðbeiningarit LH og Vegagerðarinnar um reiðstíga „**Reiðstígar gerð og uppbygging**“

Greinargerð:

Vöntun er á að samræmis gæti í skilningi sveitarfélaga á þörfum fyrir reiðleiðum og reiðstígum ásamt uppbyggingu þeirra. Það er því er brýn þörf á að kynna sveitarfélögunum og þeim aðilum sem koma að reiðstígagerð samstarfsverkefni LH og Vegagerðarinnar um leiðbeiningaritið „**Reiðstígar gerð og uppbygging**“ og fá þessa aðila til að hafa leiðbeiningarnar til hliðsjónar við reiðstígagerðina.

Í leiðbeiningaritinu „**Reiðstígar gerð – og uppbygging**“ sem er uppfærð netútgáfa af Reiðvegahandbókinni frá 2006 þar er tekið á flestu því er lítur að reiðstígagerð. Má þar nefna m.a. Flokkun hestaumferðar, flokkun reiðleiða. Skipulagsmál s.s almenna lýsingu, svæðis-, aðal- og deiliskipulag. Kortasjá – reiðleiðaskrá, skráningu reiðleiða í kortasjá. Hönnun reiðstíga, nábyli reiðstíga og þéttbýlis, lýsing og sjónlengdir. Gerð og uppbygging reiðstíga ásamt flokkun jarðefna. Kennisnið og rými, öryggissvæði vega og reiðstíga, þverun vega, gatna og stíga, reiðgöng, reiðbrýr, öryggisgrindur á reiðbrúm og við djúp gil. Áningarstaðir og merkingar. Helsu lagaákvæði er varða reiðstíga og hestaumferð s.s. umferðarlög, girðingarlög, lög um náttúruvernd, stöðu reiðstíga í skipulagi, lög um menningarminjar ofl. Einnig eru í leiðbeiningarritinu kostnaðaráætlanir og fjármögnun reiðstíga, um framkvæmdir s.s. eigin framkvæmd, útboð framkvæmda, eftirlit og úttekt.

Í fylgiskjöllum er m.a. Umferðar- og umgengnisreglur fyrir hestamenn. Sáttmáli hestamanna og annarra vegfarenda. Skipurit Reiðvega- og samgöngunefndar LH. Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landssvæða. Samkomulag Vegagerðarinnar og LH ofl. má nefna.

Auk þess efnis sem er í leiðbeiningaritinu sem er upp á 66 bls. er tenglar beint á ýmsar stofnanir og fyrirtæki til frekari upplýsinga.

Það er ekki bara æskilegt heldur nauðsynlegt að allir þeir aðilar sem koma að reiðstígagerð með einum eða öðrum hætti hafi þessar leiðbeiningar til hliðsjónar svo samræmis gæti við reiðstígagerð, áningar og merkingar því tengd.

[Samþykkt samhljóða í nefnd og á LH þingi](#)